

Leikskólinn Hlíðarberg- áætlun gegn einelti

Áætlun gegn einelti sem leikskólinn Hlíðarberg hefur sett sér felur í sér eftirtalda þætti:

- Stefnyfirlýsingu leikskólans
- Skilgreiningu á einelti.
- Forvarnir
- Vinnuferli um hvað skal gera ef grunur vaknar um einelti

Markmiðið með áætluninni er að skapa heilbriggt og öruggt skólaumhverfi fyrir bæði börn og starfsfólk og koma í veg fyrir að einelti fái þrífist í skólanum. Í lögum um leikskóla frá 2008 segir;

„Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.“

Í Vinnuverndarlögum nr.46/1980 segir í 1. Grein:

Tryggja skal öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu.

Stefnur Hafnarfjarðarbæjar varðandi börn og starfsfólk kveða einnig á um að einelti sé ekki umborið í stofnunum bæjarins.

- Skólastefna Hafnarfjarðar kveður á um að í skólum Hafnarfjarðar búi nemendur við öryggi og vellíðan í skólastarfi þar sem brugðist er hart við hatri, ofbeldi og einelti í öllum myndum.
- Í Mannauðsstefnu Hafnarfjarðar stendur að koma eigi í veg fyrir einelti og kynferðislega áreitni á vinnustað með fræðslu, reglum og markvissri meðferð þeirra mála sem upp koma.

Stefnyfirlýsing leikskólans

Í leikskólanum Hlíðarbergi viljum við að virðing, umhyggja og jákvætt andrúmsloft sé ríkjandi sem og samvinna og samkennd. Starfsmenn leikskólans leitast við að vera jákvæðar fyrirmyndir í samskiptum og skulu ávalt sýna samstarfsfólki, börnum og foreldrum kurteisi og virðingu. Áhersla er lögð á góð samskipti og að ólíkum einstaklingum sé sýnt umburðarlyndi og fordómar eru ekki liðnir. Einelti verður

Leikskólinn Hlíðarberg- áætlun gegn einelti

undir engum kringumstæðum umborið í leikskólanum. Meðvirkni starfsmanna í einelti er óásættanleg. Stjórnendur og starfsmenn bera ábyrgð á því að grundvallarreglur samskipta í leikskólanum séu virtar. Nýjum starfsmönnum skal kynnt stefna og viðbragðsáætlun leikskólans í eineltismálum strax við upphaf starfs. Stefnan og viðbragðsáætlunin skulu rifjaðar upp reglulega á starfsmannafundum.

Skilgreining á einelti

Hvað er einelti?

Einelti er endurtekin ótilhlýðileg og ámælisverð háttsemi þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Einelti er stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi eða jafnvel einstaklingum. Atferlið er endurtekið og sá sem fyrir eineltinu verður er ekki fær um að verja sig. Tilviljanakennd stríðni, átök og ágreiningur milli jafningja telst ekki til eineltis.

Dæmi um mismunandi form eineltis

- Munnlegt ofbeldi - uppnefni, stríðni og niðurlægjandi athugasemdir
- Félagslegt ofbeldi- Svipbrigði, augnagotur, þögn eða algert afskiptaleysi, einstaklingurinn er skilin útundan og fær ekki að taka þátt , t.d. ekki boðið í afmæli.
- Efnislegt ofbeldi -eigur þess sem verður fyrir eineltinu eru eyðilagðar eða þeim stolið
- Andlegt ofbeldi-þegar einstaklingur er látin gera eitthvað sem stríðir á móti vilja hans eða réttlætiskennd og sjálfsvirðingu
- Líkamlegt ofbeldi- þegar einstaklingur verður fyrir ofbeldi af hálfu annarra s.s. með klípum, barsmíðum, hártogunum, slagsmálum eða spörkum

(www.barn.is)

Einelti getur átt sér stað á milli eftirfarandi aðila:

- starfsmaður / starfsmaður
- barn / barn
- starfsmaður / barn
- barn / starfsmaður

Einelti getur verið með þeim hætti að einn einstaklingur ræðst gegn öðrum eða að fleiri hópa sig saman og ráðast gegn einstaklingi. Í eineltisaðstæðum eru þolendur, gerendur og áhorfendur . Gerendur geta

Leikskólinn Hlíðarberg- áætlun gegn einelti

bæði verið meðvitaðir eða ómeðvitaðir um að þeir taki þátt í einelti. Einkenni þolanda er að þeir eru valdaminni en gerandinn. Beint einelti eru sýnilegar árásir, en óbeint einelti er baktal, útilokun eða einangrun frá hópnum. Börn sem eiga erfitt með að setja sig í spor annarra eru líklegri til að leggja í einelti. Afleiðingar eineltis geta birst á mismunandi hátt. Einkenni geta verið bæði líkamleg og sálræn s.s. magaverkir, svitaköst, vöðvaverkir, kvíði, þunglyndi og einbeitingaskortur. Hegðun þolanda kann að breytast, veikindafjarvistir aukast og afköst minnka. Hægt að stöðva einelti með því að taka afstöðu gegn því.

Forvarnir

Í leikskólanum er velferð barna höfð að leiðarljósi. Til að skapa jákvæðan skólalag notum við m.a.

- SMT-skólafærni til að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks
- Eflingu félagsfærni barnanna með reglulegri umræða í barnahópnum um líðan, samskipti og hegðun og notum til þess bækur, umræður og leikræna tjáning með börnunum til að fræða þau um einelti
- Samvinna við heimili, t.d. þannig að afmælisboðskortum til einstakra barna sé ekki dreift í leikskólanum.

Hlutverk allra starfsmanna skólans er að vera vakandi fyrir líðan og velferð nemenda. Virkt eftirlit starfsmanna á að vera á öllum starfssvæðum bæði úti og inni. Starfsmönnum leikskólans ber að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist að einelti geti átt sér stað og vinna gegn því.

Það sem kennarar og leiðbeinendur gera:

- Athuganir og skráning um samskipti til að sjá hvernig barni líður og hvernig það passar inn í hópinn
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru “gráu svæðin”?
- Regluleg umræða á deildarfundum um líðan, samskipti og hegðun barnanna
- Deildarstjórar leggja fyrir tengslakannanir, skoða félagsleg tengsl í barnahópnum. Eiga öll börn vini í leikskólanum?

Leikskólinn Hlíðarberg- áætlun gegn einelti

- Starfsmenn hafi að öllu jöfnu vikulega umræðu í um líðan, samskipti og hegðun meðal barnanna
- Í hópavinnu þjálfist börnin í tillitsemi, sveigjanleika og umburðarlyndi. Unnið er að því að styrkja sjálfsmynd barnanna, æfa þau í samskiptum, að tjá tilfinningar sínar og að setja sig í spor annarra.
- Ræða við börnin um samskiptareglur og hvað þær þýða, hlutverk þeirra og gildi.
- Lífsleikninám -Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar
- Stuðla að samvinnu heimila og leikskóla og stuðla að jákvæðum samskiptum barna utan skólatíma

Það sem stjórnendur gera:

- Hafa reglulega samráð deildarstjóra og leikskólastjóra þar sem farið er yfir líðan samskipti og hegðun barnanna á deildinni og samvinnu starfsmanna
- Halda teymisfundum í lausnarteymi einu sinni í mánuði þar sem farið er yfir líðan samskipti og hegðun barnanna
- Sjá til þess að áhættumat Vinnueftirlitsins sem er kerfisbundinn athugun á vinnuaðstæðum sé framkvæmt reglulega af öryggisverði og öryggistrúnaðarmanni
- Hafa starfsmannasamtal við hvern starfsmann a.m.k. einu sinni á ári þar sem líðan starfsmanns er rædd
- Koma á fræðslu um einelti; fyrir starfsfólk, börn og foreldra
- Símenntun starfsfólks geri ráð fyrir fræðslu um jákvæð samskipti og /eða einelti

Viðbrögð við einelti

Mikilvægt er að kennarar og leiðbeinendur komi upplýsingum um ætlað einelti sem allra fyrst til deildarstjóra, trúnaðarmanna eða leikskólastjóra.

Börn- ef grunur leikur á einelti meðal barnanna skal starfsfólk strax grípa inn í og láta deildarstjóra eða leikskólastjóra vita. Málið er kannað og vandinn er greindur og börnin höfð með í ráðum til að takast á við hann. Lausnir kynntar starfsfólki og foreldrar eru látnir vita um málið. Málinu er fylgt eftir og ef aðgerðir bera ekki árangur að mati þeirra sem vinna að málinu, vísa þeir því til lausnarteymis.

Leikskólinn Hlíðarberg- áætlun gegn einelti

Starfsmenn- verði starfmaður vitni að einelti skal hann bregðast við með því að láta deildarstjóra, leikskólastjóra eða trúnaðarmann vita. Sá sem tekur við tilkynningu gerir strax óformleg athugun og talar við þá sem að málinu koma, geranda og þolanda sitt í hvoru lagi. Fyllsta trúnaðar er gætt og báðir aðilar fá að skýra mál sitt áður en ákvörðun um viðbrögð er tekinn. Reynt er að leysa málið sem fyrst og stöðva þannig eineltið og veita þolandanum viðeigandi stuðning. Gerandi er áminntur og /eða fluttur til í starfi, ef hann lætur sér ekki segjast getur það leitt til uppsagnar.

Lausnarþeymi.

Hægt er að vísa málum til lausnarþeymis leikskólans sem í sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Hlutverk lausnarþeymis er að leiðbeina aðilum við lausn vandamála sem upp koma. Lausnarþeymi miðlar þekkingu og heldur utan um upplýsingar. Lausnarþeymi kannar málið ásamt deildarstjóra og kemur með tillögur til úrbóta og fylgist reglulega með gangi mála. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja skólans er leitað til sérfróðra aðila í stoðkerfi skólans þ.e. Fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar eða starfsmannastjóra Hafnarfjarðarbæjar.

Trúnaðarmenn eru:

Guðbjörg Vésteinsdóttir ,Félag leikskólakennara

Guðrún Elsa Finnbogadóttir, Verkalýðsfélagið Hlíf

Tenglar

Opinberir aðilar:

www.fjarmalaráðuneyti.is

www.vinnueftirlit.is

www.landlæknir.is

www.barn.is

félagasamtök:

www.jerico.is

www.regnbogabörn.is

www.heimilioskóli.is

www.saft.is

www.barnaheill.is


www.drekaslóð.is

www.isi.is

www.skátar.is

Leikskólinn Hlíðarberg- áætlun gegn einelti

Verkferill viðbragðsáætlunar vegna eineltis



Leikskólinn Hlíðarberg

Áætlun þessi var samþykkt á starfmannafundi 6. mars 2012.